Nd. **507. Nefndarálit** [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41/1968, um verzlunaratvinnu.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar og rætt það á nokkrum fundum.

Í 1. gr. laganna um verzlunaratvinnu, nr. 41/1968, kemur fram, að markmið þeirra sé m. a. að tryggja, eftir því sem tök eru á, að fólk geti átt völ á sem beztri verzlunarþjónustu á hverjum stað og tíma. Á árinu 1970 var talið nauðsynlegt að gera þá breytingu með lögum um breyting á lögum nr. 41 2. maí 1968, um verzlunaratvinnu, nr. 7/1970, sem m. a. veitti ráðherra heimild til að víkja frá þeim skilyrðum, sem löggjöfin setur varðandi verzlunarleyfi til handa félögum eða stofnunum og enn fremur viðvíkjandi íslenzku ríkisfangi og heimilisfesti á Íslandi.

Með hliðsjón af ofangreindu meginmarkmiði laganna hefur komið í ljós, að nauðsynlegt er, að ráðherra hafi einnig heimild til að veita undanþágu frá þeim menntunarkröfum, sem gildandi lög gera ráð fyrir, þegar sótt er um verzlunarleyfi og sérstaklega stendur á að mati hans. Við framkvæmd þeirra hefur það sýnt sig, að hin ströngu menntunarskilyrði, sem lögin hafa að geyma, miðað við það, sem áður var, eru illframkvæmanleg út frá þjónustusjónarmiðum. Víða um land mun vera skortur á verzlunarþjónustu í sérgreinum. Sem dæmi má nefna sölu á ýmiss konar byggingarvörum, sem fólk telur sjálfsagt, að iðnaðarmenn hafi á boðstólum til sölu, en samkvæmt gildandi lögum er þeim meinað að fá verzlunarleyfi til slíkra viðskipta, nema þeir hafi verzlunarpróf. Þá hafa verzlunarnámskeið, sem lögin gera ráð fyrir, ekki komizt á.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. — Fjarverandi við afgreiðslu málsins í nefndinni voru Gísli Guðmundsson og Ólafur G. Einarsson.

Alþingi, 5. apríl 1972.

Svava Jakobsdóttir, form.	Bjarni Guðnason, fundaskr.	Stefán Gunnlaugsson, frsm.
	Stefán Valgeirsson.	